

Fundur í Gamma deild 14. október 2009

Staður: Húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlið, Reykjavík

Efni: Starfendarannsóknir

Fundartími: kl. 18-20

Fundarmenn: Anh-Dao Tran, Björg Eiríksdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Eygló Eyjólfssdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Kjeld, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir yngri, Sigrún Aðalbjarnardóttir eldri, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir.

Gestir fundarins voru Björk Einisdóttir, María Pálmadóttir og Inga Andreassen.

Fundurinn hófst með kaffi veitingum.

Björg Eiríksdóttir formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar.

Þá kynnti Sigrún Aðalbjarnardóttir samstarfskonu sína Hafðísi Ingvarsdóttur, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún stýrir kennaranámi fyrir framhaldsskólakennara og hefur gert um árabíl. Í rannsóknum sínum hefur hún beint sjónum sínum að framhaldsskólakennurum. Hafðís kynnti fyrir okkur rannsóknaraðferð sem hefur á íslensku fengið heitið *Starfendarannsókn* en heitir á ensku Action Research.

Starfendarannsóknir eru ein af mörgum tegundum rannsókna. Þessar tegundir rannsókna eru ekki nýjar af nálinni og má rekja til frumkvæðis Kurt Lewin í Bandaríkjunum sem lagði áherslu á að fólk skoði eigið starf. Þegar atferlisstefnan var í mestum blóma í heiminum var minna um starfendarannsóknir. En svo tóku Bretar upp merki starfendarannsókna og má þar nefna Lawrence Stenhouse. Í Ástralíu hefur Stephen Kemmis verið áhrifamikill, en hann hefur lagt mikla áherslu á gagnrýna hugsun og starfendarannsóknir. Action Research er í miklum blóma í Bandaríkjunum nú um stundir og er einnig kallað Teacher research og aðrir tala um Self study.

Þeir sem stunda starfendarannsóknir trúa því að alltaf megi gera betur, alltaf megi bæta sig í starfi.

Hafðís sýndi okkur ýmis líkөн um starfendarannsóknir sem eiga það sameiginlegt að sýna þessar rannsóknir sem hringrás en ekki línulaga þar sem alltaf er haldið áfram að bæta starfið.

Hún fjallaði einnig um muninn á starfendarannsóknnum og hefðbundnum rannsóknum. Í starfendarannsóknnum er rannsakandinn hluti af rannsókninni og nýtir niðurstöður til að bæta starfið sitt.

Gildin eru undirstaða starfendarannsókna. Til að gera starfendarannsókn þurfum við að vera okkur meðvituð um eigin lífsgildi og hvað það er sem hvetur okkur áfram í eigin lífi og starfi.

En hvers vegna að fara út í að vinna starfendarannsókn. Hafðís benti á:

- Að starfendarannsóknir hjálpi kennurum að skilja betur eigið starf og gera sér grein fyrir hvort það er í samræmi við væntingar.
- Með því að meta á kerfisbundinn hátt eigið starf geta kennarar sýnt framá hvað þeir eru að gera og hvernig þeir starfa skv. eigin gildismati.
- Þeir geta lagt fram sönnunargögn til að sýna framfarir.
- Þeir skilgreina sjálfir fagmennsku sína og hvernig þeir starfa skv. henni.

Hafdís ræddi síðan um gagnasöfnun í starfendarannsóknum og gaf dæmi. Hún benti á grein Ívars Rafns Jónssonar, íveftímaritinu Netlu (2008), en hann notaði eftirfarandi aðferðir til að safna gögnum:

- Dagbók (vasadagbók, tölva) þar sem hann skrifaði í grundanir
- Hann ræddi við samkennara
- Hann skrifaði vettvangsnótur
- Hann lagði opnar spurningar fyrir nemendur
- Hann tók starfið upp á myndband

Hafdís nefndi einnig þessar aðferðir:

- Spurningalistar til nemenda
- Sjálfsmat nemenda
- Lífsfljót (skrá mikilvægar vörður í lífinu)
- Sjálfsskissur (hvernig heldur þú að samkennarar þínir sjái þig)

Hafdís fór síðan yfir ferli starfsrannsókna sem hefst á því íað kennarinn greinir hvað það er sem hann vill skoða og hvers vegna. Þá skipuleggur hann hvernig hann ætlar að vinna rannsóknina og framkvæmir. Þá skoðar hann með ýmsum hætti hvernig gengur og metur síðan og ígrundar hvernig til tókst og hvernig og hverju hann ætlar að breyta í kjölfarið. Að lokum birtir hann niðurstöðurnar og byrjar hringrásina upp á nýtt.

Að lokum vitnaði Hafdís í nemanda sinn Jónu Guðbjörgu Torfadóttur sem gerði meistararitgerð sína um starfendarannsókn á samskiptum sínum við nemendur á fyrsta ári í kennslu.

Fjörugar umræður sköpuðust eftir að Hafdís lauk máli sínu. Rætt var um orðið *Starfendarannsókn* sem mörgum fannst leiðinlegt orð. Einnig var spurt hvort fólk fengi greitt fyrir svona rannsókn sem yfirleitt er ekki. Þá var rætt um að starfendarannsóknir gangi ekki nema fólk hafi mikinn áhuga.

Einnig var rætt um samskipti við samstarfsfólk því enginn gerir starfendarannsókn einn. Maður vinnur hana með samkennurum og nemendum og þess vegna er mikilvægt að virðing og traust ríki. Í þessum tegundum rannsókna er talað um mikilvægi þess að þátttakendur hafi „Bandamenn“ Þ.e. fólk sem þeir geta fullkomleg treyst og borið virðingu fyrir og getur borið undir og rætt málin við. Þetta er eins konar gagnkvæm handleiðsla sem gerist smám saman.

Þá var komið að stuttu kaffihléi

Björg sagði að von væri á pósti frá gjaldkeranum þar sem fram kemur að árgjaldið verði hækkað í kr. 9.000, en þar af ganga 7.500 krónur beint til landsambandsins.

Helga Halldórsdóttir las fundargerð frá vorferðinni 27. maí suður á Vatnsleysuströnd og Reykjanes.

Hrefna Þórarinsdóttir las fundargerð frá síðasta fundi 7. september þegar farið var í heimsókn í Hönnunarsafn Íslands.

Í lokin flutti Krístrú nísaksdóttir Orð til umhugsunar. Hún sagði frá fundi þar sem nýtt verkefni á vegum Leonardo skrifstofunnar var kynnt. Þar kom fram að það er stór hópur íslenskra ungmenna sem hvorki eru í skóla né með atvinnu. Nærri 5000 ungmenni undir 29 ára voru skráðir atvinnulausir í lok september s.l. (eða 34% af heildinni) og 507 einstaklingar í hópi 15-19 ára eru skráðir atvinnulausir og eru þar af leiðandi heldur ekki í skóla.

Krístrún benti á að það væri umhugsunarvert hvað skólakerfið gæti gert fyrir þennan hóp sem finnur sig ekki í skólanum eins og hann er. Mikilvægt væri að ala fólk upp í menntun sem æviverk og það þurfi að finna nýjar leiðir til að koma til móts við þennan jaðarhóp. Þar er starfsfólk skóla í lykilhlutverki. Þásagði Krístrún frá alþjóðlegri rannsókn sem sýndi að aðeins 40% kennara taldi að borin væri virðing fyrir kennarastarfinu í sínu samfélagi. Hvað getum við gert til að breyta þessu og stuðlað að virðingu kennarastarfsins var hennar spurning.

Krístrún dreifði líka uppskriftinni af gulrótarsúpunni góðu sem Gammasystur fengu í Muffins Bakery á síðasta fundi.

Fundi var slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Jóhanna Einarsdóttir